



Náttúrustofa Suðausturlands
Ársskýrsla 2024

© 2025 Náttúrustofa Suðausturlands

Allur réttur áskilinn

Ritstjóri: Lilja Jóhannesdóttir.

Texti: Hólmfríður Jakobsdóttir, Lilja Jóhannesdóttir, Sigurjón Andrésson og Snævarr Guðmundsson.

Ljósmyndir: Arnór Þórir Sigfússon (APS), Álfur Birkir Bjarnason (ÁBB), Brynjúlfur Brynjólfsson (BB), Hólmfríður Jakobsdóttir (HJ), Hugrún Harpa Reynisdóttir (HHR), Lilja Jóhannesdóttir (LJ), og Snævarr Guðmundsson (SG).

Forsíðumynd: Vestrahorn (Klifatindur) séð úr Skarðsfirði, 16. febrúar 2024, HJ.

Umbrot: Hólmfríður Jakobsdóttir, Lilja Jóhannesdóttir og Snævarr Guðmundsson.

Útgefandi: Náttúrustofa Suðausturlands,

Litlubró 2, 780 Höfn í Hornafirði,

Sími: 470 8060

Útgáfa: Mars 2025

ISSN 2547-6513 (rafræn útgáfa)

EFNISYFIRLIT

Formáli forstöðumanns	5
Skýrsla stjórnar	6
Um Náttúrustofu	7
Starfsfólk	8
Jöklar og jökulvötn	9
Lífríki	13
Stiklur úr starfi	26
Fjárhagur	31
Erindi og kynningar	31
Útgáfa, greinargerðir og ritrýndar greinar	32

FORMÁLI FORSTÖÐUMANNNS



Hlutverk Náttúrustofa við rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands eykst með ári hverju. Verkefnum sem stofurnar sinna fyrir stjórnvöld og í samstarfi við stofnanir þess fjölga og samhliða styrkist starfsemin og rekstur. Einnig fjölga þjónustuverkefnum eftir því sem þær festa sig betur í sessi. Rekstur Náttúrustofunnar gekk vel á árinu eins og finna má upplýsingar um í ársskýrslunni og treystum við að sú þróun haldi áfram. Fjöldi ársverka jókst um hálf stöðugildi á árinu og mun þeim enn fjölga árið 2025. Árið 2024 sinntu fjórir starfsmenn fullu starfi allt árið, þrjú á Höfn og einn á Kirkjubæjarklaustri, auk eins sumarstarfsmanns. Í upphafi árs kom Hólmfríður Jakobsdóttir til starfa á starfstöð okkar á Höfn en hún hafði áður verið sumarstarfsmaður árið 2022. Helstu rannsóknaráherslur hennar eru sjávarspendýr en hún kemur einnig að öðrum fjölbreyttum

verkum stofunnar. Álfur Birkir Bjarnason, starfsmaður okkar á Kirkjubæjarklaustri, lét af störfum í október. Við þökkum fyrir samfylgdina og óskum honum velfarnaðar á nýjum vettvangi. Í nóvember var auglýst eftir starfsfólki á starfstöðina á Kirkjubæjarklaustri og voru tvö ráðin sem hefja störf á árinu 2025. Á árinu tóku gildi ný lög um náttúrustofur (nr. 54/2024 um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur) í kjölfar þess að ný Náttúrufræðistofnun tók til starfa við sameiningu NÍ, Landmælinga Íslands og Náttúrufræðistofnunar á Mývatni. Leystu þau af hólmi fyrri lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (lög nr. 60/1992).

Verkefni stofunnar árið 2024 voru fjölbreytt og spönnuðu vítt svið náttúrufræðinnar og náðu til fugla, spendýra, padda, gróðurs, jökla og jarðmyndana. Vöktunarverkefni verða æ meira áberandi í starfi stofunnar enda er það eitt það mikilvægasta sem við getum gert fyrir komandi kynslóðir. Reglubundin söfnun gagna nær að nema hægfara breytingar sem oft er erfitt að greina með styttri rannsóknum. Samstarfsverkefnið *Vöktun náttúruverndarsvæða* sem við vinnum með öðrum náttúrustofum landsins og Náttúrufræðistofnun leiðir er flaggskipið en innan þess verkefnis eru vaktaðir lykilþættir íslenskrar náttúru. Frá í árdaga stofunnar höfum við sinnt vöktun á jaðri Vatnajökuls en sú vinna hefur, auk þess að vakta útbreiðslu jökulsins, gefið mikið af upplýsingum sem ekki hefðu verið mögulegt að afla nema vegna umfangs vöktunnar. Frá árinu 2018 hefur skúmurinn verið nokkuð fyrirferðarmikill í starfi stofunnar og árið 2024 var unnin tímabær stofnúttekt sem lýkur á næsta ári. Einnig stóð stofan fyrir tilraun í Ingólfshöfða þar sem sett var upp rafmagnsgirðing umhverfis hluta skúmsvarpsins til að verjast afráni. Verkefnið gekk framur vonum og stefnt er að áframhaldi. Annars eru öllum verkefnum stofunnar árið 2024 gerð skil hér í ársskýrslunni.

Við starfsfólk Náttúrustofu Suðausturlands höldum glöð inn í þrettánda starfsár hennar. Við erum spennt að taka á móti nýju starfsfólki sem bæta við þekkingu og efla starfsemi stofunnar. Náttúrustofurnar eru öflugar einingar sem búa yfir mikilli svæðisbundinni þekkingu á náttúrufari og starfsemi þeirra mikilvægt innlegg í byggðaþróun og eflingu vísinda um allt land.

Lilja Jóhannesdóttir

Forstöðumaður, 10. mars 2025

SKÝRSLA STJÓRNAR



Nú er ég að klára mitt þriðja ár sem formaður stjórnar Náttúrustofu Suðausturlands. Í stjórn stofunnar sitja tveir aðrir fulltrúar, Auður Guðbjörnsdóttir, fyrir sveitarstjórn Skaftárhrepps og Sæunn Stefánsdóttir, forstöðumaður Stofnunar Rannsóknasetra Háskóla Íslands. Stjórnin fundaði þrisvar sinnum á liðnu ári.

Rekstrarniðurstaða ársins 2024 var jákvæð um 0,9 milljónir króna en var 8,4 milljónir árið 2023. Rekstrartekjur námu 62,5 milljónum króna og lækkuðu þær um 4,2 milljónir frá fyrra ári. Samkvæmt ársreikningi er bókfært eigið fé í árslok 41,3 milljónir og er eiginfjárlutfall mjög traust, eða 93,9%. Framlag ríkis og þeirra sveitarfélaga sem Náttúrustofan starfar í, Hornafjarðar og Skaftárhrepps, er rúm 60% af tekjum en hin tæpu 40%, eru ýmsir styrkir, samstarfssamningar en líka útseld vinna.

Samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur geta eitt eða fleiri sveitarfélög í þeim landshluta sem náttúrustofa starfar gerst aðilar að henni. Þau sveitarfélög sem gerast aðilar að stofunum eiga þær þá og reka með stuðningi ríkissjóðs. Í tilfelli Náttúrustofu Suðausturlands eru það Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur.

Starf Náttúrustofu Suðausturlands er fjölbreytt. Stofan er ein af átta náttúrustofum sem starfræktar eru víðsvegar um landið. Náttúrustofurnar hafa sama hlutverk, en munur er þó á áherslum í starfinu. Starfssvæði Náttúrustofu Suðausturlands er víðfeðmt og nær frá Blautukvísl á Mýrdalssandi í vestri, austur í Hvalnesskriður þó að stofan sé líka verkefnum á öðrum landsvæðum.

Stofan vinnur meðal annars að mikilvægum rannsóknum á líffræðilegri fjölbreytni og loftlagsbreytingum. Stofan er samstarfsaðili sveitarfélaga og fjölmargra stofnana, þar má nefna Vatnajökulspjóðgarð, Náttúrufræðistofnun, Land og skóg, Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands. Náttúrustofan Suðausturlands er með starfsstöðvar á Höfn í Hornafirði og á Kirkjubæjarklaustri.

Skaftárhreppur og Hornafjörður hafa staðið þétt að baki starfi Náttúrustofu Suðausturlands og hafa bæði sveitarfélögin átt gott samstarf við starfsfólk stofunnar og fyrir það ber að þakka. Ég vil líka þakka öðrum samstarfsaðilum fyrir stuðning og samstarf á liðnu ári. Að lokum þakka ég starfsfólki Náttúrustofu Suðausturlands fyrir sitt góða starf og stjórn fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

SIGURJÓN ANDRÚSSON

Sigurjón Andrússon formaður stjórnar og bæjarstjóri Hornafjarðar, 17. mars 2025

UM NÁTTÚRUSTOFU

Náttúrustofa Suðausturlands er ein af átta náttúrustofum landsins og í samræmi við lög nr. 54/2024 um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur. Stofurnar hafa allar sömu lögbundnu hlutverkum að gegna en starfa á mismunandi landssvæðum. Náttúrustofur eru allar aðilar að Samtökum náttúrustofa (SNS), en samtökunum er ætlað að efla samstarf náttúrustofa og vinna að hagsmunamálum þeirra. Að Náttúrustofu Suðausturlands standa Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur. Starfssvæði Náttúrustofu Suðausturlands nær frá Blautukvísl á Mýrdalssandi í vestri og austur í Hvalnesskriður en einnig vinnur stofan að verkefnum utan þess landsvæðis. Árið 2024 var Náttúrustofan með þrjár skrifstofur í Nýheimum á Höfn í Hornafirði og aðstöðu fyrir tvo í Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri.

Stjórn stofunnar er skipuð þremur aðilum, tveimur skipuðum af Sveitarfélaginu Hornafirði og einum af Skaftárhreppi. Stjórnin er kosin til fjögurra ára í senn og skal kjör stjórnar jafnan fara fram í upphafi nýs kjörtímabils sveitarstjórna. Stjórn Náttúrustofunnar er þannig skipuð; Sigurjón Andrésson, bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Hornafirði, stjórnarformaður, Sæunn Stefánsdóttir, forstöðumaður Stofnunar Rannsóknasetra Háskóla Íslands og Auður Guðbjörnsdóttir, fulltrúi í sveitarstjórn Skaftárhrepps, meðstjórnendur. Varamenn eru: Sigurður Sigursveinsson, Björn Helgi Snorrason og Anna Ragnarsdóttir Pedersen. Árið 2024 voru haldnir þrjár stjórnarfundir auk ársfundar. Náttúrustofan heldur úti [heimasíðu](#) og er að auki með [Facebook](#) og [Instagram](#)-síðu.



STARFSFÓLK



Lilja Jóhannesdóttir er forstöðumaður en hún er doktor í líffræði. Auk þess er hún með B.Sc. og M.Sc. gráðu í náttúru- og umhverfisfræði. Lilja hefur starfað hjá stofunni frá 2018 en verið forstöðumaður frá 2022. Forstöðumaður annast stjórnun, áætlanagerð og sér um daglegan rekstur, auk samskipta við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og ráðuneyti. Einnig tekur hann þátt í rannsóknum og verkefnastjórn.




Snævarr Guðmundsson er sviðstjóri en hann er með B.Sc. gráðu sem náttúruvandfræðingur og M.Sc. gráðu í jarðfræði frá Háskóla Íslands. Hann hefur starfað hjá stofunni frá stofnun hennar 2013. Hans helstu verkefni snúa m.a. að kortagerð, jöklamælingum, jarðfræði- og stjórnurannsóknum.



Álfur Birkir Bjarnason er sérfræðingur hjá stofunni. Hann er með B.Sc. gráðu í líffræði frá Háskóla Íslands og hefur starfað á stofunni frá 2023. Hans helstu verkefni 2024 voru rannsóknir á klettafrú, *Bændur græða landið*, kolefnismælingar og gróðurhluti *Vöktun náttúruverndarsvæða*. Álfur lét af störfum í október.



Hólfríður Jakobsdóttir er sérfræðingur hjá stofunni. Hún er með B.Sc. og M.Sc. gráður í líffræði frá Háskóla Íslands. Hún hóf störf á stofunni 2024 en var áður sumarstarfsmaður árið 2022. Helstu verkefni hennar árið 2024 voru selarannsóknir, *Vöktun náttúruverndarsvæða* og athuganir á tröllasmið.



Brynjúlfur Brynjólfsson var í hlutastarfi á árinu. Hann er rafeindavirki og fuglaáhugamaður. Helstu verkefni hans voru vettvangsvinna og pöddugreiningar.

JÖKLAR OG JÖKULVÖTN



Eyjabakkajökull og Snæfell, 9. september 2021

©SG

Jöklarannsóknir hafa verið ein meginstoðin í starfsemi Náttúrustofu Suðausturlands, allt frá því að hún var stofnuð árið 2013. Sú staðreynd ætti ekki að koma á óvart enda nálægð við jökla hvergi meiri hér á landi en á Suðausturlandi. Hlutverk okkar hefur verið að „vakta“ fjölda skriðjökla, sérstaklega í heimahéraði og Vatnajökli, kortleggja breytingar við jaðrana og skrásetja þá öru landmótun sem á sér stað framan við þá. Nokkrar stofnanir sinna rannsóknum og gagnaöflun á íslenskum jöklum og tekur Náttúrustofan þátt í sameiginlegu vísindastarfi með þeim. Niðurstöður eru eftir fremsta megni birtar í vísindagreinum eða skýrslum sem eru í flestum tilfellum gerðar aðgengilegar á veraldarvefnum. Hér á eftir er tæpt á verkefnum sem er sinnt á Náttúrustofu Suðausturlands.

Sporðamælingar á jöklum í Öræfum og á Mýrum

Náttúrustofan hefur annast sporðamælingar á nokkrum skriðjöklum í Öræfum og Suðursveit frá árinu 2013. Það eru Kvíarjökull, Hrútárjökull, Fjallsjökull og Breiðamerkurjökull. Sporðamælingar hófust hér á landi um 1930, að tilstuðlan Jóns Eypórssonar þáverandi Veðurstofustjóra. Fyrir þann tíma lá fyrir afar lítil þekking um íslenska jökla. Frá upphafi sinntu ábúendur á Kvískerjum í Öræfum og bændur í Suðursveit sporðamælingum á þessum skriðjöklum uns Náttúrustofan tók við. Lengst af voru mælingar gerðar með mælibaldi og viðmiðsmerkjum á vettvangi. Nú er stuðst við GPS staðsetningatæki og gervitunglagögn, ekki hvað síst þegar aðgengi að sporðunum er tálmað af jökullónum. Niðurstöðum sporðamælinganna er komið fyrir í gagnagrunni Jöklarannsóknafélagsins og Veðurstofunnar og gerðar aðgengilegar í Jöklavefsjá Veðurstofu Íslands.



Hoffellsjökull í Hornafirði hefur hopað mikið á síðustu áratugum. Munar mestu um að sporðurinn er fljótandi á vatni og hefur kelft (brotnað af) ört af honum. Ljós.: SG 27. ágúst 2023.

Verkefnið Hörfandi jöklar

Frá 2017 hefur Náttúrustofan sinnt verkefni sem nefnt er *Hörfandi jöklar* ásamt Veðurstofu Íslands, Jöklahópi Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands, Landmælingum Íslands og Vatnajökulsþjóðgarði. Verkefnið er styrkt af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Markmiðið er að auka vitund fólks um afleiðingar hlýnandi loftslags en hop jökla síðasta árhundraðið er ein gleggsta birtingarmynd þess. Í Jöklabréfi, einblöðungsyfirliti sem hefur verið gefið út árlega fyrir almenning og leiðsögumenn, eru upplýsingar um hop Breiðamerkurjökuls og Hoffellsjökuls. Einnig eru jöklabreytingar kynntar í tölum. Kynningarefni úr þessu verkefni er m.a. að finna á vefsíðu Vatnajökulsþjóðgarðs. Yfirgripsmeiri upplýsingar eru svo aðgengilegar á [Jöklavefsjá](#) Veðurstofu Íslands og á heimasíðu Náttúrustofu Suðausturlands má ævinlega nálgast útgefið efni.



Útsýni frá Esju í Esjufjöllum til austurs á Þverátindsegg og Veðurárdalsfjöll. Ljós.: SG 31. maí 2023.

Jöklavefsjá

Yfirgripsmikið gagnasafn um íslenska jökla er aðgengilegt á [Jöklavefsjá](#) Veðurstofu Íslands. Þetta gagnasafn var fyrst kynnt í mars 2022. Jöklavefsjái er samstarfsverkefni Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar Háskólans, Landsvirkjunar, Jöklarannsóknafélags Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrustofu Suðausturlands. Það er styrkt af Loftslagssjóði og verkefninu „Hörfandi jöklar“ á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Þar birtast mælingar sem safnað er með reglubundnum hætti. Á vefsjánni er yfirlit um rannsóknir og breytingar á íslenskum jöklum. Ritstjórn jöklavefsjárinnar uppfærir gagnasafnið jafnharðan og nýjar mælingar berast.

Gögnin eru send til alþjóðlegra stofnana eins og World Glacier Monitoring Service í Zürich í Sviss og Global Land Ice Measurements from Space (GLIMS) í Flagstaff í Arizona í BNA. Þar eru þau notuð til að meta stöðu loftslags á jörðinni í heild.

Hnitun og skráning Vatnajökuls

Í samstarfi við Veðurstofu Íslands eru útlínur stærstu íslensku jöklanna hnitaðar annað hvert ár. Fyrstu árin beindust áherslur okkar á Náttúrustofunni að mestu á nálæga skriðjökla en verkið hefur eflst hin síðari ár og nú eru skráðar árlegar breytingar á öllum Vatnajökli. Tilgangurinn er að fylgjast með og skrásetja þær breytingar sem eru að eiga sér stað við jaðar Vatnajökuls. Áður hefur stærð Vatnajökuls, á ýmsum tímum á 20. öld, verið kortlögð og því er hægt að meta breytingar yfir lengri tímabil. Í verkið hafa verið notuð ýmis gögn, t.a.m. gömul kort, misgamlar loftmyndir og nýlegri gervitunglamyndir. Þessar útlínur eru m.a. birtar á kortavefsjánni.

Starfsemi árið 2024

Kortlagning Breiðamerkursands og Breiðamerkurjökuls er á meðal yfirgripsmestu verkefna sem hefur verið ráðist í hjá Náttúrustofunni. Vinna við það hefur staðið yfir í meira en áratug. Það hefur skilað miklu af áður óþekktum upplýsingum um þessa landsheild. Hafa þær verið birtar í greinum, m.a. um Breiðamerkursand, Jökulsá, Jökulsárlón og hop Breiðamerkurjökuls. Áherslurnar árið 2024 fólust í að rita grein um jökulsker og urðarrana. Tvívegis á árinu var óskað eftir að jöklasérfræðingur Náttúrustofu tæki þátt í heimildarmyndum og viðtölum varðandi jöklarannsóknir. Fyrst með frönskum heimildarþáttargerðarmönnum frá sjónvarpsstöðinni Arte í Frakklandi á Jökulsárlón, Breiðamerkurjökul og að vestanverðum Skeiðarárjökli. Annar amerískur hópur frá National Geographic vinnur að gerð heimildarmyndar um bók Andra Snæs Magnasonar „Um tímann og vatnið“, fékk sérfræðingur Náttúrustofu síðan til ráðgjafar og fylgdar til þess að fræðast um Breiðamerkurjökul, gróðurleifar sem hafa fundist og aldursgreiningar á þeim.



Breiðamerkurjökull og jökulskerin Kárasker (fremst) og Bræðrasker þar fyrir ofan. Ofar til hægri eru Mávabyggðir og Hermannaskarð upp af miðri mynd, þar sem að Miðfellstindur í Skaftafellsfjöllum gægist yfir. Ljós.: SG 9. september 2023.

LÍFRÍKI



Helsingjavarp í Skúmey

Frá 2017 hefur verið farið árlega út í Skúmey í Jökulsárlóni og helsingjahreiður talin og leitað merktra fugla. Í ár var farið þann 23. maí og fundust 1723 hreiður sem er nánast það sama og árið á undan þegar fjöldinn var 1729. Líkt og þá kom Arnór Þórir Sigfússon frá Verkís með til að lesa af merktum helsingjum og líta eftir fuglum sem bera staðsetningartæki en hann stýrir helsingjamerkingunum sem stofan kemur að. Sem fyrr nutum við aðstoðar starfsfólks Vatnajökulspjóðgarðs og þökkum við þeim kærlega fyrir. Í ár fylgdu teyminu einnig heimildamyndargerðarmenn frá sjónvarpsstöðinni Arte í Frakklandi sem tóku efni og viðtöl við starfsfólk stofunnar í eygni fyrir heimildarmynd um loftlagsbreytingar.



Hópurinn sem fór í Skúmey til að taka út helsingjavarpið þann 23. maí. Frá vinstri: Lovísa Fanney Árnadóttir, Brynjúlfur Brynjólfsson, Súsanna Ruth Magnúsdóttir, Arnór Þórir Sigfússon, Lilja Jóhannesdóttir, Álfur Birkir Bjarnason, Hólmfríður Jakobsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Anna Ragnarsdóttir Petersen. Ljós.: LJ 23. maí 2024.

Helsingjamerkingar

Dagana 8.-10. júlí tók Náttúrustofan þátt í helsingjamerkingum í áttunda sinn en verkefninu er stýrt af Arnóri Þóri Sigfússyni dýravistfræðingi hjá Verkís. Eins og áður tóku starfsmenn Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands, Vatnajökulspjóðgarðs og Náttúrufræðistofnun Íslands þátt í merkingunum, auk sjálfboðaliða. Merktir voru fuglar á Breiðamerkursandi, í Suðursveit og á Mýrum eins og gert hefur verið síðustu ár en einnig var farið í Skógey og merkt þar í fyrsta skipti. Merkingar gengu fram úr vonum en alls voru merktir 816 nýir helsingjar, 197 fugla höfðum við merkt áður og að auki náðust þrjú fuglar sem voru merktir í öðrum verkefnum og voru því alls 200 endurheimtur. Þetta árið fengu átta helsingjar staðsetningartæki og nafn í kaupbæti. Þeir voru Lilja, Berglind, Kristján Sindri, Álfur, Hálfván Björnsson, Logan, Refskeggur og Stjóri II. Við þökkum styrktaraðilum kærlega fyrir þeirra framlag.




T.v. stálpaður helsingjaungi fær litmerki. T.h. Berglind Björgúlfsdóttir, Arnór Þórir Sigfússon og Lilja Jóhannesdóttir og sendagæsirnar Berglind og Lilja. Ljós.: LJ 9. og 10. júlí 2024.



Helsingjamerkingahópurinn í Suðursveit þann 10. júlí. Frá vinstri: Bjarni Þorbjörnsson, Brynjúlfur Brynjólfsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Albrecht Ehmman, Árdís Erna Halldórsdóttir, Svenja Auhage, Kristín Þorbjörnsdóttir, Carl Mitchell, Álfur Birkir Bjarnason, Hólmfríður Jakobsdóttir, Arnór Þórir Sigfússon, Lilja Jóhannesdóttir og Berglind Björgúlfsdóttir. Ljós.: APS.

Náttúrustofan hefur tekið þátt í að helsingjamerkingum í Sveitarfélaginu Hornafirði og Skaftárhreppi síðan árið 2017. GPS/GSM sendar hafa verið settir á nokkra helsingja árlega síðan 2020 og alls 29 einstaklingar fengið sendi. Sendarnir gefa ítarlegar upplýsingar um ferðir og dvalarstaði helsingjanna, þannig fást upplýsingar um hversu lengi einstaklingur dvelur á hverjum stað, hvert hann heldur og hvaða leið hann fer. Þessar upplýsingar nýtast meðal annars til að meta í hvernig gróðurlendi þeir sækja á mismunandi árstíma og hvert þeir leita í náttstað.

Fylgjast má með ferðum merktu helsingjana á gæsavefsjá Verkís (<https://www.verkis.is/gaesavefsjar/>). Myndin hér að neðan sýnir skjáskot af vefsíðunni, en þar má t.d. sjá hrakfarir helsingjans Binna austur af landinu síðastliðið vor. Hann hóf vorfar sitt frá Norður Uist í Skotlandi en þegar hann lagði af stað í ferðina gerði sterka suðvestan átt sem feykta honum af leið og fór hann því austur fyrir Ísland. Sneri hann því til baka og um þremur sólarhringum eftir að hann lagði af stað kom hann aftur í land á Skotlandi en þetta misheppnaða ferðalag hans var um 2.700 kílómetrar að lengd. Binna hélt þar til ásamt tveimur öðrum helsingjum og dvaldi um nokkurt skeið áður en hann lagði í far til Íslands á ný.



Skjáskot af gæsavefsjá Verkís sem sýnir ferla merktra helsingja. Ferill helsingjans Binna er merktur með gulu en vegna sterka vinda fór hann af leið og misti af Íslandi þegar hann reyndi að snúa heim um vorið. Hann hélt því til baka til Skotlands áður en hann stefndi til Íslands að nýju og náði þá áfangastað.

Vöktun náttúruverndarsvæða

Náttúrustofa Suðausturlands kemur að verkefninu *Vöktun náttúruverndarsvæða*, ásamt öðrum náttúrustofum landsins og Náttúrufræðistofnun sem hefur umsjón með verkefninu. Markmið verkefnisins er að vakta náttúrufarsþætti sem taldir eru vera undirstaða verndargildis náttúruverndarsvæða og fylgjast með breytingum þeirra, bæði til styttri og lengri tíma. Lögð er áhersla á vöktun vistgerða, gróðurs, fugla og spendýra, ásamt vöktun jarðminja. Í verkefninu er náttúrulegur fjölbreytileiki innan verndarsvæða kortlagður með það að markmiði að meta breytingar til langs tíma, svo sem vegna loftlagsbreytinga. Einnig eru vaktaðir náttúrufarsþættir við vinsæla ferðamannastaða til þess að rannsaka og greina áhrif ferðamanna á gróður, vistgerðir, jarðminjar og dýralíf á náttúruverndarsvæðum. Náttúrustofa Suðausturlands fer með skipulagningu, umsjón og framkvæmd verkefna á Suðausturlandi og skilar grunngögnum til Náttúrufræðistofnunar til varðveislu. Náttúrufræðistofnun og Náttúrustofa Suðausturlands koma báðar að úrvinnslu og túlkun gagna. Hér að neðan er gerð grein fyrir þeim sjö verkþáttum sem unnir voru í verkefninu árið 2024.

Skúmatalningar - stofnbreytingar

Skúmi hefur fækkað mikið á undanförunum árum og áratugum og var því tegundin sett í forgang í vöktun í þessu verkefni árið 2022 og var þá vöktun skúms aukin, m.a. með punkttalningum. Talningarnar eru framkvæmdar á svæðinu frá Hnappavöllum í vestri og austur að Fellsá til að fylgjast með stofnbreytingum. Talið var dagana 29.-31. maí 2024 og í heild voru taldir 122 skúmar í 44 punktum, 17 punktar voru með engum skúmum.



Skúmur situr á eggjum sínum á Breiðamerkursandi. Ljós.: LJ 26. maí 2023.

Vöktun á varpárangri skúms

Vöktun á varpárangri skúms fyrir þetta verkefni hófst árið 2020 á svæði við Jökulsárlón og í Ingólfshöfða og árið 2022 var bætt við svæði austan Fjallsár. Varpárangur hefur verið lélegur síðustu ár og farið versnandi með hverju ári, sama þróun virtist eiga sér stað í ár við Fjallsá og í Ingólfshöfða þar sem hreiðrum fór fækkandi. Við Jökulsárlón var hins vegar varpárangur þar betri en árið 2023.



T.v. Brynjúlfur merkir skúmsunga með aðstoð Kristjáns Reynis Ívarssonar. T.h. skúmur verndar hreiðrið sitt meðan Lilja metur álegustig eggs með vatnsprófi. Ljós.: HJ 16. júlí 2024 og HHR 5. júní 2024.

Stofnúttekt Skúms

Í ár bættist við *Vöktun náttúruverndarsvæða* stofnúttekt á skúmi en síðasta stofnmat var framkvæmt fyrir 40 árum og því ný úttekt afar tímabær. Skúmar voru taldir á öllum þekktum fundarstöðum á starfsvæði stofunnar sem nær frá Hvalnesskriðum í austri að Blautukvísl á Mýrdalssandi í vestri. Úttektin á fjölda skúma var framkvæmd á tímabilinu 12.-28. júní en einnig var notast við gögn úr punkttalningum sem voru framkvæmdar 29.-31. maí og varpárangursmati 3., 5., og 14. júní. Mismunandi aðferðum var beitt við talninguna eftir aðgengi svæða.



T.v. Fjarsjá uppsett á aurum Jökulsár í Lóni fyrir talningu. T.h. Álfur Birkir Bjarnason veður Slyjaós í leit að skúmunum á Meðallandsfjörum. Ljós.: LJ 15. júní 2024 og 24. júní 2024.

Mófuglavöktun


Þéttleiki mófugla er vaktaður í verkefninu í fimm sniðum sem talin eru árlega í Sveitarfélaginu Hornafirði. Til mófugla teljast spörfuglar, vaðfuglar, kjói, og rjúpa. Sniðin voru heimsótt dagana 8.-11. júní í Sveitarfélaginu Hornafirði. Sniðin voru við Dynjanda í Nesjum, við Einholt á Mýrum, Skógey í Nesjum, Flatey á Mýrum og á Steinasandi í Suðursveit. Talning fór fram á þeim tíma þegar virkni fuglanna er mest, þ.e. á milli 6:00 og 10:00 að morgni og 16:00- 20:00 síðdegis.




Óðinshanahópur á lítilli tjörn sem er á sniði SA13-4 við Einholt á Mýrum. Ljós.:LJ 11. júní 2024.

Gróður

Dagana 12. og 13. ágúst voru tekin fimm gróðursnið í fjórum vistgerðum inn á hálendi Skaftárhrepps. Eitt snið var í starmóavist, tvö í melagambravist, eitt í eyravist og eitt í sanda- og vikravist. Samkvæmt skilgreiningu NÁTT hafa vistgerðirnar þrjár miðlungs til lágt verndargildi. Vistgerðirnar þekja á bilinu 27-51% landsreita. Lögð voru út 40x10 m snið og sex smáreitir (33x100 cm) teknir af handahófi innan sniðsins. Öll þessi gróðursnið höfðu áður verið tekin út árið 2001.



Álfur Birkir Bjarnason og Hólmfríður Jakobsdóttir við vinnu við gróðurúttektir inn á hálendinu. Ljósmyndir: 12. og 13. ágúst 2024.



Staðsetning gróðursniðanna fimm sem tekin voru í Skaftárhreppi í verkefninu Vöktun náttúruverndarsvæða 12. og 13. ágúst 2024.

Jarðmenjar

Mikil þörf er fyrir vöktun og verndun jarðmenja hér á landi og vöntun á upplýsingum um fjölda þeirra. Þær þarf að vernda annars vegar á vísindalegum grunni og hins vegar er nauðsynlegt að vernda landslag og jarðfræðilega ásýnd landsins. Í ár voru hamrarnir milli Gljúfursár og Salthöfða, svæði 363, fyrir valinu. Hamrarnir eru fornir sjávarhamrar og segja söguleg munnmæli að Blesaklettur sem er hluti af hömrunum beri heiti sitt eftir hesti sem fannst á klettinum og hafði lifað af gosið 1362.



Hluti hamranna milli Gljúfursár og Salthöfða, Örafajökull í bakgrunni. Ljós.: SG 19. október 2022.


Mat á átroðningi á vinsælum ferðamannastöðum

Múlagljúfur

Múlagljúfur er afar vinsæll ferðamannastaður sem hefur verið vaktaður frá 2020. Í þessu verkefni er notast við endurteknar myndatökur og flygildi til að meta áhrif ferðamanna á gróður og stíga. Vegna vinsælda og nær engra innviða hefur svæðið látið verulega á sjá síðan vöktun hófst. Þann 3. september var gengið eftir stígnum og stoppað á stöðum sem skráðar voru skemmdir á árin 2020, 2021 og 2022 og teknar endurtökumyndir. Enn á ný hefur svæðið verulega látið á sjá milli ára, stígar breikka og vaðast út, og er nú stígurinn nær ein samfelld skemmd. Einnig er farið að bera á skemmdum utan upprunalega vöktunarsvæðisins auk þess sem fólk er farið að leggja bílum við lítinn læk sem rennur yfir slóðann inn að upphafi gönguleiðar.



Einn vöktunarpunktanna í Múlagljúfri. Hér sameinast hentistigur aðalgönguleiðinni. Glögglega sést hve mikið svæðið hefur látið á sjá á síðustu árum. Á myndunum eru í áraröð Brynjúlfur Brynjólfsson, Kristín Hermannsdóttir, Hólmfríður Jakobsdóttir, Brynjúlfur aftur og Hólmfríður aftur. Ljós.: LJ.



Gróðurskemmdir eftir að bílum hefur verið lagt við lítinn læk á slóðanum inn að Múlagljúfri. Ljós.: HJ 3. september 2024.

Núpsstaðarskógar

Svæðið var fyrst heimsótt og tekið út árið 2021 í kjölfar aukinna vinsælda Núpsstaðarskóga sem áfangastaðar. Sama ár var settur upp bílateljari en út frá þeim gögnum má sjá að umferð þangað hefur aftur dregist saman síðan þá. Gróðurskemmdir, flestar eftir tjöld, sem kortlagðar voru árið 2021 hafa nú gróið nokkuð upp en ekki var mikill munur á gönguleið og bílastæði. Almennt var svæðið í betra ásigkomulagi en í úttektinni 2021, enda er umferð á svæðið minni en áður.



Einn af vöktunarpunktum í Núpsstaðarskógum. T.v. er mynd sem var tekin árið 2021 af gróðurskemmdum eftir tjöld og umgang. Myndin t.h. er af sama stað sumarið 2024, Hólmfríður Jakobsdóttir er á miðri mynd. Myndirnar sýna að svæðið er að gróa upp. Ljós.: LJ 29. ágúst 2024.

Eldhraun

Eldhraun er vinsæll ferðamannastaður og stoppa ferðamenn gjarnan í hrauninu á leið sinni í gegn. Hraunið er mosavaxið og er mosinn afar viðkvæmur fyrir ágangi. Gróðurskemmdir í Eldhrauni voru teknar út árið 2020 og 2021 og var þá lagt upp með að vakta ákveðin svæði með reglulegu millibili. Farið var aftur í ár og voru flest svæðin í heldur verra ásigkomulagi en árið 2021.



Gróðurskemmdir og hentistígar við veðurstöðina í Eldhrauni. Svæðið er ekki eiginlegur áningarstaður en engu að síður er vinsælt að stoppa þar og ganga út á hraunið. Starfsmaður stofunnar, Hólmfríður Jakobsdóttir stendur fyrir miðri mynd. Ljós.: ÁBB 2. september 2024.

Pödduvöktun

Í ár var sjötta sumarið í röð settar upp þrjár pöddugildirur sem voru tæmdar reglulega fram á haustið. Tilgangur verkefnisins er að vakta magn sem er á sveimi hverju sinni en áætla má að fjöldi í gildrunni endurspegli það. Þannig má greina toppa í fjölda og bera saman við mismunandi búsvæði og landshluta. Slíkar mælingar gefa upplýsingar um náttúrufar og nýtast til samanburðar við ýmsar aðrar upplýsingar sem snúa t.d. að fuglum, svo sem varptíma og varpárangur en einnig til að meta breytingar á stofnum algengra smádyra og viðbrögð lífríkis við loftslagsbreytingum.

Fiðrildavöktun

Náttúrustofan var í ár með tvær fiðrildagildirur í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og Fuglaathugunarstöð Suðausturlands. Gildirurnar eru settar upp um miðjan apríl og teknar niður í byrjun nóvember ár hvert en tæmdar vikulega. Áður fyrr voru fjórar gildirur, tvær í Skaftárhreppi og tvær í Einarslundi við Hornafjörð, en nú eru ljósaperurnar sem þarf í gildirurnar eru hættar í framleiðslu og því var tekin ákvörðun um að hætta með gildirur í Skaftárhreppi í það minnsta þar til búnaður hefur verið endurnýjaður.

Bændur græða landið

Bændur græða landið er verkefni stýrt af Landi og skógum sem snýr að uppgræðslu heimalanda bænda. Tilgangur þess er að styrkja bændur til landgræðslu á jörðum sínum, stöðva rof, þekja land gróðri og gera það nothæft til landbúnaðar eða annarra nota. Starfið felst í heimsóknum til bænda þar sem uppgræðslur eru skoðaðar, framkvæmdir eru staðfestar og gerð áætlun fyrir næsta ár. Starfsmaður Náttúrustofunnar á Kirkjubæjarklaustri sá um verkefnið sumarið 2024 líkt og fyrri sumur. Svæðið nær allt frá Álftaveri í Skaftárhreppi austur í Lón í Sveitarfélaginu Hornafirði og í Breiðdal á Austfjörðum.

Kolefnismælingar í Skaftárhreppi

Vorið 2021 fór af stað viðamikilið vöktunarverkefni í Skaftárhreppi við mælingar á kolefnisforða og -flæði úr þurrlendisjarðvegi og heldur það áfram. Markmið verkefnisins er að mæla kolefnisforða ásamt CO₂ flæði á nokkrum mismunandi vistgerðum þurrlendisjarðvegs og þannig er hægt að áætla heildarlosun eða bindingu með nokkuð góðri vissu. Verkefnið er unnið fyrir Land og skóg vegna kolefnisbókhalds stjórnvalda en upplýsingar um flæði kolefnis í gróðri og jarðvegi nýtast til að meta ástand vistkerfa og þær breytingar sem geta átt sér stað innan þeirra.

Klettafrú

Í ár hélt Náttúrustofan áfram rannsóknum á klettafrú sem hófust árið 2023 en byggðu á eldra verkefni starfsmanns stofunnar. Rannsóknin miðar að því að meta hversu gömul klettafrú verður en hingað til hefur ekki verið vitað hversu mörg ár klettafrú vex áður en hún blómgast og deyr. Slíkt eru mikilvægar upplýsingar til að meta áfallapól hennar, sérstaklega gagnavart veðurfarsbreytingum. Árið 2021 voru lögð út snið í Fljótshverfi í Skaftárhreppi til rannsókna á klettafrú. Árið 2023 var svæðum bætt við og lögð út snið í Skaftafelli, við Geitafellstanga í Nesjum og í Stafafellsfjöllum í Lóni. Í júní 2024 var allra þessara sniða vitjað að nýju, merktar plöntur mældar og skráð nýliðun og afföll. Sniðin í Lóni og Nesjum voru mæld 18. júní, Skaftafelli 20. júní, og Seljalandi 27. júní.



Planta 7 í Stafafelli í Lóni í júní 2024. Ljós.: ÁBB.

Selatalningar í Hornafirði

Í janúar 2024 hóf Náttúrustofa Suðausturlands vikulegar talningar með dróna á selum í Horna- og Skarðsfirði. Er þetta í fyrsta skipti sem selir eru taldir reglulega í fjörðunum yfir allt árið en einu talningarnar sem gerðar eru á landsel á svæðinu er fyrir stofnstærðarmat sem framkvæmt er síðsumars. Talningarnar sýndu að fjöldi sela sem nýta sér firðina sé töluvert hærri en stofnstærðarmat gefur til kynna, enda breytist fjöldi sela í firðinum eftir árstíðum en þeir eru færri yfir sumarið miðað aðrar árstíðir. Verkefnið er í samstarfi við Selasetur Íslands og Hafrannsóknarstofnun.




Landselir á sandeyri við Akurey. Ljós.: HJ 17. apríl 2024.

STIKLUR ÚR STARFI

Skúmagirðing í Ingólfshöfða

Í vor gerði stofan tilraunir í Ingólfshöfða með notkun rafmagnsgirðingar til að draga úr afráni. Þann 22. maí var 500 m löng girðing sett upp í Ingólfshöfða og lagt upp með að girða utan um 1,5 hektara svæði með sem þéttast skúmvarp. Girðingin bar augljósan árangur því þegar hún var sett upp voru þrjú hreiður innan hennar og tvö utan. Í næstu heimsókn við fyrstu úttekt á varpárangri hálfum mánuði síðar voru hreiðrin utan girðingar horfin. Í sömu heimsókn reyndist nær helmingur allra hreiðra í Ingólfshöfða staðsett innan girðingarinnar þrátt fyrir að hún þekji lítinn hluta varpsvæðis skúmsins, auk þess voru öll hreiður innan komin lengra í álegu en þau utan. Í seinni varpúttektinni sem gerð var mánuði síðar voru ungar innan girðingar sjáanlega stærri en ungar á svæðum utan sem segir að ungar innan náí að lifa lengur.

Ferðapjónustuaðilar Öræfaferða sem fara daglega í Ingólfshöfða tóku að sér eftirlit með girðingunni fyrir okkur og þökkum við fyrir það. Háttalag góðkunningja þeirra, skúmspars sem þau kalla Dolla og Dúddu, vakti athygli þeirra en þau hafa fylgst með parinu í nokkur ár. Þegar girðingin var sett upp voru þau þegar orpin en það vildi ekki betur til að þeirra hreiður lenti utan girðingar og nóttina eftir var eggíð þeirra étið. Þau gáfust þó ekki upp og urpu á ný en aftur utan girðingar og fór sú tilraun sömu leið. Við þriðju varptilraun sína virðist parið mögulega hafa áttað sig á mátti girðingarinnar og urpu innan hennar. Fyrirhöfnin bar þá loks árangur og komst unginn þeirra á flug þann 29. ágúst.



Staðsetning rafmagnsgirðingar sem sett var upp í Ingólfshöfða til að verja skúm afráni (rauð lína). Bláir punktar eru öll virk hreiður sem fundust í höfðanum 5. júní en sjá má að nær helmingur allra hreiðra er innan girðingar.



Álfur Birkir Bjarnason kveikir á sólarsellu og rafstöð fyrir rafmagnsgirðingu í Ingólfshöfða, til hægri standa Hrafnhildur Ævarsdóttir, sjálfboðaliði, og Hólmfríður Jakobsdóttir. Ljós.: LJ 22. maí 2024.

Árbók ferðafélag Íslands


Vorið 2024 kom út árbók Ferðafélags Íslands, og er það í 97. árið í röð. Árbókin 2024 heitir – Sunnan Vatnajökuls – Frá Núpsstað til Suðursveitar – og eins og titillinn gefur til kynna fjallar hún um svæði sem nær frá Djúpá í Fljótshverfi austur í Steinadal í Suðursveit. Það markast í suðri af strandlengjunni og í norðri vatnaskilum Vatnajökuls. Allt svæðið er innan þeirra starfsvæðis Náttúrustofu Suðausturlands í rannsóknum á náttúrufari. Höfundar árbókarinnar 2024 eru Hjörleifur Guttormsson náttúrfræðingur, Snævarr Guðmundsson jöklafræðingur hjá Náttúrustofu Suðausturlands og Oddur Sigurðsson jarðfræðingur. Langflestar ljósmyndir í bókinni eru eftir höfundana og jafnframt sá Snævarr um gerð korta og skýringarmynda. Að vanda kynna árbækur Ferðafélagsins valin svæði í gegnum landlýsingu, jarðfræði og náttúrufar. Að auki er fjallað um söguna, samfélagið og einstaklinga sem hafa verið áberandi þar. Sagt er frá stofnun Skaftajökulspjóðgarðs, sem varð síðar hluti af Vatnajökulspjóðgarði. Á þeim rúmu þrjátíu árum sem hafa liðið frá því að árbók fjallaði síðast þetta svæði hafa miklar breytingar orðið í þessum landsfjórðungi, bæði landslagi og jöklunum en einnig samfélaginu.

Skólastarf - Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu og Grunnskóli Hornafjarðar

Líkt og undanfarin ár fóru starfsmenn stofunnar með í vettvangsferðir með tveimur skólahópum FAS. Annars vegar var hópur sem fór í árlega jöklaferð en þar sem gengið er um aura Heinabergsjökuls og starfsmaður fræðir nemendur um jarðminjar og jökla. Hins vegar fóru starfsmenn með í árlega vettvangsferð á Skeiðarársand og leiðbeindu nemendum við gróðurmælingar. Einn nemi kom í starfskynningu úr 10. bekk GH.

Tröllasmiður

Snemmsumars 2024 bárust Náttúrustofunni fréttir af því að tröllasmiður hafi sést við Gjádal í Lóni en þangað til hafði austast frést af honum í Þorgeirsstaðadal. Við nánari eftirgrensulan kom í ljós að tröllasmiður hafði sést í Volaseli í Lóni. Því þótti ástæða til að kanna betur útbreiðslu hans í austurátt, auk þess að staðfesta að um tröllasmið væri að ræða en ekki varmasmið sem hefur verið að breiðast um landið og er áþekkur í útliti. Í því skyni voru settar niður sjö fallgildir frá Þorgeirsstaðadal austur fyrir Jökulsá. Einn tröllasmiður náðist í Þorgeirsstaðadal og tveir í Gjádal en enginn í gildrum austar. Þó er ekki hægt að staðfesta að þeir finnist ekki austar og verður haldið áfram að reyna að staðfesta útbreiðslusvæði tröllasmiðsins til hlítar. Einnig voru settar út gildir um vorið (23. apríl) til að kanna hversu snemma árs tröllasmiður fer á stjá. Engir tröllasmiðir fengust í gildrum á tímabilinu 23. apríl -24. maí og er virkni þeirra sennilega lítil á þessum tíma. Engar gildir voru úti á tímabilinu 24. maí- 22. júlí. Fyrsti tröllasmiðurinn fékkst í gildru 25. júlí í Þorgeirsstaðadal í Lóni.



Staðsetning gilda og handsamaðara tröllasmiða í Lóni 2024.

Stofan gerði tilraunir með að nota sjálfvirkar myndavélar til að rannsaka tröllasmið. Myndavélarin leiddu í ljós að tröllasmiðir eru mestu virkir á næturnar og komu flestir smiðir í mynd á tímabilinu 23:00-02:00. Rímar það við hegðun tegundarinnar erlendis og voru því vélarin gagnlegar til að staðfesta það.



Annar tröllasmiðanna sem náðist í Gjádal í Lóni. Ljós.: BB 26. júlí 2024.

Umsagnir

Reglulega er óskað eftir umsögnum Náttúrustofu Suðausturlands varðandi ýmis konar framkvæmdir. Gerð umsagna tekur því talsvert pláss í starfi stofunnar en slíkt ferli er mikilvægt og brýnt að nýta fagþekkingu starfsfólks stofunnar til skipulagsmál fái vandaða meðferð.

Gróðurleifar

Árið 2024 hófum við undirbúning á að velja álitleg sýni til aldursgreiningar úr fjölda gróðurleifa sem hafa fundist í setlögum sem koma undan hopandi Breiðamerkurjökli. Áður hafa gróðursýni verið aldursgreind en áætlað er að senda fleiri sem hafa fundist á Breiðamerkursandi eftir 2017. Verkefnið er yfirgripsmikið samstarfsverkefni sem Náttúrustofan leiðir. Þess er vænst að gróðurleifarnar skýri betur aðstæður á svæðinu árpúsundin fyrir landnám. Árið 2018 voru sóttir stærstu trjálurkarnir sem hafa fundist hingað til á Breiðamerkursandi. Lurkarnir eru leifar birkités sem náði 100 ára aldri m.v. talningu áhringja. Hana gerði Ólafur Eggertsson, jarðfræðingur hjá Skógræktinni á Mógilsá. Geislakolsaldur þeirra er um 3000 BP eða ~1400 f.kr. Þeir voru sendir til Þjóðminjasafnsins til forvörslu árið 2018 en alls tók það ferli sex ár og fékk Náttúrustofan gripina því í hendurnar árið 2024. Lurkunum hefur nú verið komið fyrir í sýningarskáp í Nýheimum á Höfn sem gestir og gangandi geta virt fyrir sér.



Annar lurkanna tveggja sem voru forvarðir til þess að fyrirbyggja frekari rotnun og eru nú til sýnis í almennu rými í Nýheimum. Lurkarnir eru leifar af bol birkitrés, sem var a.m.k. 15 cm í þvermál. Áhringir sýna að tréð varð allt að 100 ára gamalt. Lurkarnir eru vísbending um forna skóga á Breiðamerkursandi þegar jöklar voru minni og jökulár smærri. Ljósmynd: HJ 10. mars 2024.

Þjónustuverkefni

Náttúrustofan sinnir ýmsum þjónustuverkefnum á starfssvæði sínu. Árið 2024 vann stofan minnisblað fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð um mögulegar afleiðingar af landrasi á leirurnar í Hornafirði og Skarðsfirði þar sem reynt spá fyrir um hvaða landbreytingum megi búast við á næstu 2-3 áratugum. Stofan tók út lífríki við bakka Hoffellsár fyrir Hestamannafélagið Hornfirðing vegna framkvæmda við bakkavarnir. Á haustdögum voru unnin tvö verkefni fyrir Vegagerðina þar sem gerð var úttekt á vistgerðum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði nýs þjóðvegur um Hornafjörð

Snævarr heiðursfélagi International Astronomical Union

Þann 14. ágúst 2024 var Snævarr Guðmundsson, jöklafræðingur hjá Náttúrustofu Suðausturlands einn fimmtán einstaklinga sem voru samþykktir heiðursfélagar í Alþjóðasambandi stjarnfræðinga (IAU: International Astronomical Union). Þennan heiður hlaut hann fyrir stjarnmælingar sínar á svonefndum breytistjörnum, myrkvatvístirnum og þvergöngum fjarreikistjarna og framlag sitt í að kynna stjörnufræði fyrir almenningi. Stjörnur sem breyta birtustyrk eru nefndar "breytistjörnur". Orsakirnar má ýmist rekja til innviða eða yfirborðs stjarnanna eða ytri aðstæðna, t.d. fylgistjörnu eða umhverfis þeirra. Breytistjörnur veita miklar upplýsingar um eðli og eiginleika stjarna eins og massa, þvermál, birtu, hita og samsetningu og hvernig þær þróast. Fjarreikistjörnur eru á braut um fjarlægjar sólstjörnur. Þær sjást ekki vegna yfirgnæfandi skins móðurstjarnanna en má nema óbeint í mælingum, t.d. í þvergöngu. Þegar "heitir Júpíterrisar" – gasreikistjörnur á brautum nálægt móðurstjörnum sínum – [þver]ganga í skin þeirra deyfist ljósið lítillega en nóg til þess að vera mælanlegt.

Heiðursfélagar í IAU, sem nú telja 35 einstaklinga hvaðanæva að úr heiminum, hafa verið tilnefndir af landsnefndum aðildarþjóða síðan 2018. Þeir uppfylla ekki skilyrði sem menntaðir stjörnufræðingar, en hafa lagt verulega sitt af mörkum til framfara stjarnfræðilegra rannsókna og menningar í sínu landi, segir um þennan aðildarflokk, á vefsíðu IAU. Heiðursfélagar geta einungis þeir orðið sem eru tilnefndir af landsnefndum aðildarþjóða IAU. Landsnefnd Stjarnvísindafélags Íslands tilnefndi Snævarr sem heiðursfélagi í IAU og er hann fyrsti Íslendingurinn til að hljóta þennan heiður.



Stjörnustöðin sem Snævarr notar við mælingar sínar. Ljósmynd: SG 21. febrúar 2021.

FJÁRHAGUR

Deloitte og Bókhaldsþjónusta Hornafjarðar önnuðust bókhalds- og launavinnslu auk endurskoðunar, reikningsskila og skattskila fyrir Náttúrustofu Suðausturlands árið 2024. Við stofnun Bókhaldsþjónustu Hornafjarðar í júlí 2024 færðust viðskiptin yfir til þeirra. Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2024 námu heildarrekstrartekjur um 62,5 milljónum króna. Afkoma af rekstri var jákvæð um 0,9 milljónir króna og var sú upphæð færð til hækkunar á eigin fé stofunnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir Náttúrustofunnar 44 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok var 41,3 milljón króna. Nánari upplýsingar um fjárhag stofunnar má finna í ársreikningi hennar.

Styrkir og samstarfssamningar

Árið 2024 hlaut stofan styrk frá Atvinnu- og rannsóknarsjóði sveitarfélagsins Hornafjarðar til rannsókna á landselum í Horna- og Skarðsfirði og á lífsferli klettafrúr. Það verkefni hlaut einnig styrk frá Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar. Samstarf var við Náttúrufræðistofnun Íslands (Náttúrufræðistofnun frá í júlí í fyrra við sameiningu stofnanna) vegna *Vöktunar náttúruverndarsvæða* og helsingjavöktunar. Samstarf var við Land og skóga vegna verkefnanna *Bændur græða landið* og kolefnismælinga í Skaftárhreppi. Einnig var samstarf við Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands um verkefnið *Hörfandi jöklar*.

ERINDI OG KYNNINGAR

6. febrúar – Lilja Jóhannesdóttir. Kynning á verkefnum Náttúrustofu Suðausturlands fyrir landverði Vatnajökulsþjóðgarðs. Flutt í fjarfundi á Teams.

11. mars – Álfur Birkir Bjarnason, Hólmfríður Jakobsdóttir og Snævarr Guðmundsson, starfsfólk Náttúrustofu Suðausturlands. Kynningar á verkefnum á vegum náttúrustofunnar: *Af afdrifaríkum æxlunartilþrifum klettafrúar. Rannsóknir frá fjalli til fjöru. Breiðamerkurjökull- birtingarmyndir jökulbreytinga*. Haldin á ársfundi Náttúrustofu Suðausturlands, Nýheimum, Höfn.

5. apríl – Hólmfríður Jakobsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Lilja Jóhannesdóttir. Tröllasmiðurinn í Hornafirði. Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands 2024.

23. apríl – Lilja Jóhannesdóttir. Kynning á verkefnum Náttúrustofu Suðausturlands. Flutt fyrir nema Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna í Nýheimum, Höfn.

21. maí – Lilja Jóhannesdóttir. Kynning á verkefnum Náttúrustofu Suðausturlands. Flutt fyrir nema frá University of Pennsylvania. Nýheimum, Höfn.

21. maí – Snævarr Guðmundsson. Glacier changes in southeast Iceland: Monitoring the glacier retreat and terminal lakes since the end of the 19th century. Flutt fyrir nema frá University of Pennsylvania. Nýheimum, Höfn.

2. október – Snævarr Guðmundsson. Jökulsker og urðarranar í Breiðamerkurjökli. Fjarerindi á Náttúrustofuþingi. Bolungarvík.

29. október – Lilja Jóhannesdóttir. Kynning á verkefnum Náttúrustofu Suðausturlands fyrir nemendur FAS vegna HeimaHafnar, verkefnis Nýheima þekkingseturs. Flutt í Nýheimum, Höfn.

ÚTGÁFA, GREINARGERÐIR OG RITRÝNDAR GREINAR

Hólmfríður Jakobsdóttir og Lilja Jóhannesdóttir 2024. *Vöktun náttúruverndarsvæða 2024 – Samantekt Náttúrustofu Suðausturlands*. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði, desember 2024.

Snævarr Guðmundsson 2024. *Tímaákvæðanir valinna myrkvastjarna, þvergöngur fjarreikistjarna og aðrar stjörnu-athuganir — Yfirlit 2022. 7. Samantekt*. Náttúrumyndir ehf. Höfn í Hornafirði. 78 bls.

Snævarr Guðmundsson og Hólmfríður Jakobsdóttir 2024. *Landris og leirurnar við Höfn í Hornafirði*. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði, nóvember 2024. Minnisblað, 20 bls.

Hjörleifur Guttormsson, Snævarr Guðmundsson og Oddur Sigurðsson 2024. *Sunnan Vatnajökuls – Frá Núpsstað til Suðursveitar*. Árbók Ferðafélags Íslands 2024. Útgefandi Ferðafélag Íslands. 279 bls.

Snævarr Guðmundssona, Helgi Björnsson, David J. A. Evans & Finnur Pálsson 2024. Nunataks and medial moraines of Breiðamerkurjökull, Southeast Iceland. *Jökull* 74, 1-46.

Snævarr Guðmundsson 2024. *Hofsjökull eystri*. Rafræn grein. Vefslóð: Global Glacier Casualty List (spatialstudieslab.org)

Wells, G. H., Sæmundsson, Þ., Pálsson, F., Aðalgeirsdóttir, G., Magnússon, E., Hermanns, R. L., and Guðmundsson, S. 2024. Proglacial lake evolution and outburst flood hazard at Fjallsjökull glacier, southeast Iceland, *EGUsphere* [preprint], <https://doi.org/10.5194/egusphere-2024-2002>, 2024.

Vincent, A., Daigre, C., Fischer, O., Aðalgeirsdóttir, G., Violette, S., Hart, J., Guðmundsson, S., and Pálsson, F. 2024. A hydrogeological conceptual model of aquifers in catchments headed by temperate glaciers, *Hydrol. Earth Syst. Sci.*, 28, 3475–3494, <https://doi.org/10.5194/hess-28-3475-2024> [sjá 2023].

Svenja N.V. Auhage, Lilja Jóhannesdóttir, Arnór Þórir Sigfússon, Brynjúlfur Brynjólfsson og Bjarni Jónasson 2024. *Helsingjavöktun á Íslandi 2023*. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði, apríl 2024. Minnisblað, 11 bls.

Álfur Birkir Bjarnason, Hólmfríður Jakobsdóttir, Lilja Jóhannesdóttir, Sigurjón Andrésson og Snævarr Guðmundsson 2024. *Ársskýrsla 2023*. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði, mars 2024.



NÁTTÚRUSTOFA
SUÐAUSTURLANDS

Skrifstofur
Nýheimum
Litlubrú 2
780 Höfn í Hornafirði

Kirkjubæjarstofu
Klausturvegi 2
880 Kirkjubæjarklaustri

Sími: 470 8060
Heimasíða: www.nattsa.is
Netfang: info@nattsa.is